

Tilkynning til fjölmiðla frá Samson eignarhaldsfélagi ehf.

Reykjavík, 9. september 2002

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur tilkynnt fjölmiðlum að gengið verði til viðræðna við Samson eignarhaldsfélag ehf., en félagið er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar, um kaup á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf.

Forsvarsmenn Samson lýsa yfir ánægju sinni með að framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafi valið þá til frekari viðræðna um kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands og munu þeir leggja sig alla fram um að samningaviðræður gangi hnökralaust.

Áhugi eigenda Samson á að gerast kjölfestufjárfestir í Landsbanka Íslands kom fyrst fram í bréfi sem sent var framkvæmdanefnd um einkavæðingu þann 27. júní sl.. Í því bréfi voru verðhugmyndir tilgreindar og líta aðstandendur Samson á þær sem helstu forsendur viðskiptanna. Áhuginn og forsendurnar voru ítrekaðar í bréfum þann 25. júlí, 2. september. og 6. september.

Forráðamönnum Samson hefur verið tilkynnt að þeir fái afhent bréf frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu á morgun kl. 10.00. Þangað til telja þeir ekki rétt að tjá sig frekar um stöðu mála.

Virðingarfyllst,

Samson eignarhaldsfélags ehf.